

**Ákvæði til bráðabirgða.**

Þeim sem greitt hafa útflutningsgjald skv. 5. gr. frá gildistöku laga nr. 84/1997, um búnaðargjald, þar til lög þessi öðlast gildi skal endurgreiddur sá hluti gjaldsins sem runnið hefur til Búnaðarmálasjóðs.

*Gjört í Reykjavík, 16. mars 1999.*

**Davíð Oddsson.**

**Ólafur G. Einarsson.**  
(L. S.)

**Pétur Kr. Hafstein.**

*Guðmundur Bjarnason.*

Nr. 16

16. mars 1999

**LÖG**

**um breytingu á lögum nr. 34/1998, um starfsemi kauphalla og skipulegra tilboðsmarkaða.**

HANDHAFAR VALDS FORSETA ÍSLANDS

samkvæmt 8. gr. stjórnarskrárinnar

forsætisráðherra, forseti Alþingis og forseti Hæstaréttar,

*gjöra kunnugt:* Alþingi hefur fallist á lög þessi og vér staðfest þau með samþykki voru:

1. gr.

Í stað orðsins „ECU“ í 1. tölul. 1. mgr. 4. gr. laganna kemur: evrum.

2. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 17. gr. laganna:

- a. 4. málsl. 1. mgr. orðast svo: Reglur, sem kauphöll setur um opinbera skráningu verðbréfa, skulu uppfylla ákvæði laga þessara og reglugerðar sem ráðherra setur á grundvelli þeirra.
- b. 4. mgr. fellur brott.

3. gr.

Í stað „33 $\frac{1}{3}$ %“ í 4. tölul. 1. mgr. 19. gr. laganna kemur: 50%.

4. gr.

Við lögin bætist ný grein, 42. gr., svohljóðandi:

Í reglugerð er ráðherra heimilt að setja nánari reglur um opinbera skráningu verðbréfa og framkvæmd laga þessara.

5. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

*Gjört í Reykjavík, 16. mars 1999.*

**Davíð Oddsson.**

**Ólafur G. Einarsson.**  
(L. S.)

**Pétur Kr. Hafstein.**

*Finnur Ingólfsson.*